

**324. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 14. apríl 2025 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2504041 - Suðurgata 126 breyting á deiliskipulag Sementsreit - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Sótt um breytingu á deiliskipulagi Sementsreit, vegna lóðar Suðurgötu 126. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja við íbúðarhúsnæði á lóð skilgreint sem B-hluti ásamt því að heimilt verði að byggja bifreiðargeymslu allt að 39 fm sem skilgreint er sem C-hluti.

*Skipulag- og umhverfiráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt verður fyrir Skagabraut 21, 23, 24, og 25, Sementsbraut 15 og Jaðarsbraut 3.*

*Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.*

**2. 2504059 - Sólmundarhöfði 7 breyting á deiliskipulag Sólmundarhöfða - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn um að heimilt verði að setja fjarskiptamastur á lyftustokk húsinss. Óskað er eftir að koma fyrir farsímaloftneti 3,2m ofan á núverandi lyftustokk. Annað er óbreytt.

*Skipulag- og umhverfiráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt skal fyrir Bjarkargrund 20,22,24,26,28,30 og*

*Furugrund 18,20,22,24,26 og 28 og Höfðabrunn 14b,14c og Sólmundarhöfða 5.*

**3. 2411193 - Tilboðsgögn Miðbæjarreitur - Suðurgata 57, Suðurgata 47, Skólabraut 24**

Óskað var eftir tilboðum í Miðbæjarreit sem tók til lóða Suðurgötu nr. 57, Suðugötu nr. 47a og Skólarbrautar nr. 24, auglýst var til 9. febrúar síðastliðinn. Enginn tilboð bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur áherslu á að málinu sé haldið opnu.*

*Áhugsamir aðilar geti nálgast Akraneskaupstað með hugmyndir um uppyggingu á reitnum í takt við þá aðferðafræði sem lagt var upp með í tilboðsgögnum.*

**4. 2503217 - Suðurgata 122 - fyrirspurn um kaup á húsi**

Bæjarráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 27. mars 2025 og vísaði til efnislegrar umfjöllun í skipulags- og umhverfisráði.

*Skipulags- og umhverfisráð sér ekki frammá að ástæða sé fyrir Akraneskaupstað að kaupa hús við Suðurgötu 122. Ráðið leggur því til við bæjarráð að húsið verði ekki keypt.*

#### **5. 2409322 - Sementsverksmiðjan - áframhaldandi rekstur**

Bæjarráði fjallaði um málið á fundi sínum þann 27. mars 2025 og vísaði því til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráði.

*Skipulags- og umhverfisráð bendir á að ekki er gert ráð fyrir því í skipulagi reitsins að sementsinnflutningur sé til frambúðar á reitnum. Ráðið leggur því til við bæjarráð að sú afstaða sé ítrekuð við umsækjanda.*

#### **6. 2410304 - Jarðefnatippur - þjónusta - tilboð 2025**

Þrjú tilboð bárust í verkið jarðefnatippur, þjónusta.

*Eftirfarandi tilboð bárust:*

*þróttur ehf. 41.900.000 kr.*

*Keilir ehf. 38.900.000 kr.*

*Gísli Jónsson ehf. 43.244.000 kr.*

*Kostnaðaráætlun var 32.320.000 kr.*

*Skipulags- og umhverfisráð hafna öllum tilboðum þar sem hagstæðasta tilboðið er 20,4% yfir kostnaðaráætlun verksins.*

#### **7. 2501066 - Gáma - Breytt fyrirkomulag**

Umræða um breytt fyrirkomulag í Gámu.

*Vegna framkominna ábendinga og athugsemda um gjaldheimtu á Gámu, felur skipulags- og umhverfisráð umhverfissjóra að skoða möguleika á breytingum á gjaldskrá í samráði við Terru.*

#### **8. 2504088 - Vorhreinsun 2025**

Á landsvísu er Stóri plokkdagurinn auglýstur 27. apríl.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að vikuna 24. apríl til 1. maí næstkomandi verði auglýst vorhreinsun í bænum. Settir verða gámar fyrir gardúrgang og blandaðan úrgang. Staðsetningar á gánum verða á tveimur stöðum sem auglýstar verða sérstaklega.*

*Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.*

*Guðrún Þórhildur Ólafsdóttir  
Ræðnars Sóknarins og  
Anna Solvær Smárðadóttir*